

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS151155

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 13. nóvember 2015, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 13. nóvember 2015 og endanlegum skilmálum dags 21. febrúar 2019. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

Útgefandi	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Ábyrgð útgefanda	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.
Auðkenni	LSS151155.
ISIN númer	IS0000026383.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð seldra bréfa	ISK 1.170.000.000.
Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð)	[Á ekki við]
Áður útgefið	ISK 18.094.000.000.
Stærð flokks skv. núgildandi heimild	ISK 25.000.000.000 að nafnvirði.
Dagaregla	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	21. febrúar 2019
Fyrsti vaxtadagur	15. nóvember 2015.
Tegund bréfs	Verðtryggðar jafnar afborganir.
Vextir	2,50% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember ár hvert.
Fyrsta vaxtagreiðsla	15. maí 2016.
Fyrsta afborgun höfuðstóls	15. nóvember 2020.
Fjöldi vaxtagreiðslna	80.
Fjöldi afborgana	71.
Lokagjald dagi	15. nóvember 2055.

Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 430,74 (VNV 15. nóvember 2015).
Ávöxtun á söludegi	Ávöxtunarkrafa dags 20. febrúar 2019 var 2,30% og sölugengi 111,478825.
Útreikningur ávöxtunar	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 1.170.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 22. febrúar 2019.
Uppgreiðsluheimild	Útgefanda er eingöngu heimilt á uppgreiðsludögum að greiða upp (innkalla), gegn uppgreiðsluálagi, þá fjárhæð sem lántakendur LS hafa greitt upp af útlánum tilkomnum af fjármögnun þessa útlánaflokks. (undir eftirliti innri endurskoðenda LS).
Uppgreiðsludagar	15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045.
Uppgreiðsluálag	Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2035 er 2,0% af fjárhæð uppgreiðslu. Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2045 er 1,0% af fjárhæð uppgreiðslu.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
Hlunnindi	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
Verðbréfamiðstöð	Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 22. febrúar 2019. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,5% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 2.116.039. Að auki greiðir Lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 21.250 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,00045% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti seldra skuldabréfa miðað við sölugengi er alls ISK 1.304.303.253.

Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar 1.302.186.213.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 21. febrúar 2019 :


sem hefur til þess fullt umboð